

BIÓ
MYNDIR

309. tbl. október 2019

JOAQUIN PHOENIX

A TODD PHILLIPS FILM

JOKER

Frábært saman Milka & Oreo





NÝTT
Í BÍÓ
FRUMSÝND
25. október

ADDAMS A FJÖLSKYLDAN

U BION MGM

LAUGARÁS  BÍÓ
BARA LÚXUS

SMÁRA  BÍÓ

HÁSKÓLA  BÍÓ

ÁLFABAKKI  BÍÓ

BORGAR  BÍÓ

Október: Lítur vel út

Október er runninn upp og þar með hefst síðasti ársfjórðungur ársins 2019 sem oftast er ekki er áhugaverðasti fjórðungurinn frá sjónarhóli kvikmyndaunnenda. Á bíodagskrá mánaðarins eru ellefu myndir sem eins og venjulega eru gjörólíkar innbyrðis, en eiga það sannarlega sameiginlegt að lofa góðu. Sennilega biða samt flestir hvað spennastir eftir forsíðumyndinni *Joker* sem hefur verið að fá frábæra dóma að undanförunu, ekki síst vegna stórleiks Joaquins Phoenix sem þykir mjög líklegur til að hljóta tilnefningu til Óskarsverðlauna fyrir túlkun sína á Arthur Fleck.


Októberdagskrá bíóhúsanna:

4. okt. Joker	Bls. 16
4. okt. Everest: Ungi snjómaðurinn	Bls. 18
11. okt. Goðheimar	Bls. 19
11. okt. Gemini	Bls. 20
18. okt. Ready or Not	Bls. 22
18. okt. Jexi	Bls. 23
18. okt. Agnes Joy	Bls. 24
18. okt. Maleficent	Bls. 26
25. okt. Dronningen	Bls. 28
25. okt. Addams-fjölskyldan	Bls. 29
25. okt. Zombieland: Double Tap	Bls. 30

Og eins og alltaf hvetjum við lesendur til að kíkja einnig á BluRay-, DVD- og VOD-útgáfuna sem finna má hinum megin í blaðinu auk kynningar á nokkrum nýjum tölvuleikjum.

Viltu vinna bíómiða fyrir tvo í eitthvert kvikmyndahúsanna?

Finndu þá selinn og taktu þátt í leiknum!

Leikurinn er ekki flókinn. Þú þarft að finna agnarlítinn sel sem hefur villst inn á eina síðuna hér bíómegin í blaðinu og lítur út eins og þessi: 

Ef þú finnur selinn og vilt taka þátt í leiknum skaltu fara inn á facebook.com/myndirmanadarins og senda okkur svarið **með skilaboðum**, þ.e. númerið á blaðsíðunni þar sem selurinn er. Ekki gleyma að hafa **fullt heimilisfang** og **póstnúmer** með svarinu.

Frestur til þátttöku er til og með **21. október**. Valið verður af handahófi úr réttum lausnum fljótlega eftir það og verða nöfn vinningshafa birt í næsta tölublaði sem kemur út í lok október.

Vinningshafar í síðasta leik, finndu rósina:

Örn Arnarson, Mosagötu 1, 210 Garðabæ
 Ingunn Lís Jóhannesdóttir, Hásteinsvegi 60, 900 V.eyjum
 Ezekiel Jakob Hanssen, Lautasmára 25, 201 Kópavogi
 Ragnar Týr Smárason, Lynggötu 1, 210 Garðabæ
 Erla Steinþórsdóttir, Valshólum 6, 111 Reykjavík

Takk fyrir þátttökuna!

MYNDIR MÁNAÐARINS

309. töl. október 2019

Útgefandi: Myndir mán. ehf., Trönuhrauni 1, 220 Hafnarfirði, sími 534-0417

Heimasíða: www.myndirmanadarins.is

Ábyrgðarmaður: Stefán Unnarsson / myndmark@islandia.is

Texti / Umbrot: Bergur Ísleifsson

Prófkör: Veturliði Óskarsson

Prentun / Bókband: Ísafoldarprentsmiðja

Upplag: 19.000 eintök



FRELSADU ANDANN



SMINT.[®]

SYKURLAUST



Segja má að „krakkarnir“ í lúser-teyminu haf átt sviðið í upphafi september ásamt trúðinu Pennywise en *It: Chapter Two* hefur notið mikilla vinsælda í bíó eins og búist hafði verið við.

Sjáumst í bíó!

Þegar þetta blað kemur út í lok september á enn eftir að frumsýna tvær af þeim myndum sem kynntar voru í septemberblaðinu, *Midsommar* eftir Ara Aster sem sendi síðast frá sér hina mögnuðu mynd *Hereditary* og *Ad Astra* eftir leikstjórn James Gray sem gerði m.a. myndirnar *The Lost City of Z*, *The Immigrant*, *Two Lovers* og *Little Odessa*. Þetta eru gjörólíkar myndir sem eiga það þó sameiginlegt að hafa fengið afar góða dóma gagnrýnenda, ekki síst fyrir að vera mjög frumlegar, bæði hvað varðar sögurnar sjálfar og frásagnarstílinn. Þá hafa myndirnar *Downton Abbey* og *Rambo: Last Blood* tiltölulega nýlega verið frumsýndar og verða þessar fjórar myndir vafalaust í sýningu langt fram eftir október ... eins og reyndar fleiri myndir septembermánaðar eins og *It: Chapter Two*, íslenska myndin *Hvítur, hvítur dagur*, *Hustlers*, *Skin* og fleiri. Það er því ljóst að úr fjölbreyttu úrvali bíómynda verður að velja í kvikmyndahúsum landsins á næstu dögum og vikum.



Daniel Craig leikur hinn eitursnjalla lögreglumann Benoit Blanc í morðgátunni *Knives Out*. Kíkið á frábæra stiklu myndarinnar.

Hver er morðinginn?

Ein áhugaverðasta stiklan af öllum þeim sem frumsýndar hafa verið að undanförunu er úr myndinni *Knives Out* eftir leikstjórn Rian Johnson sem einnig skrifar handritið, en Rian gerði síðast *Star Wars*-myndina *The Last Jedi* og þar á undan myndirnar *Looper*, *The Brothers Bloom* og *Brick*. Myndinni er lýst sem nútímaútgáfu af gamaldags morðgátu í anda Agöthu Christie eða „whodunnit“ eins og þannig myndir hafa löngum verið nefndar á ensku. Daniel Craig leikur hér rannsóknarlögreglumanninn Benoit Blanc sem kallaður er til þegar vellauðugur glæpasagnarhöfundur, Harlan Thrombey (Christopher Plummer), finnst látinn á óðalssetri sínu, skömmu eftir að hafa haldið upp á 85 ára afmælið ásamt ættingjum og helsta aðstoðarfólki ... sem er enn til staðar á setrinu þegar lík hans finnst. Í fyrstu lítur út fyrir að Harlan hafi framið sjálfsmorð en Benoit er fljótur að afskrifa þann möguleika og þar með eru öll þau sem eru í húsinu grunuð um morð. Fljótlega leiðir Benoit svo í ljós að allir viðstaddir höfðu ærna ástæðu til að vilja Harlan feigan, ef ekki vegna arfsins þá af persónulegri ástæðu.

Knives Out var frumsýnd á kvikmyndahátíðinni í Toronto 7. september og hefur fengið mjög góðar umsagnir þeirra sem sáu hana þar. Þannig skrifaði t.d. gagnrýnandi IndieWire, David Ehrlich, að myndin væri „A crackling, devious, and hugely satisfying old-school whodunnit with a modern twist.“ Við trúum honum allveg.



Fyrir utan þá Daniel Craig og Christopher Plummer fer heill her þekktara leikara með aðalhlutverkin í myndinni og má þar nefna Don Johnson, Toni Collette, Ónu de Armas, Chris Evans, Jamie Lee Curtis, M. Emmet Walsh, Katherine Langford, Frank Oz o.fl.

ÍSLENSKT Á STÖÐ 2

Í OKTÓBER

FÖSTUDAGA

Föstudagskvöld
með

Guðna Ben

FIMMTUDAGA

*GÓÐIR
LANDSMENN*

MÍÐVIKUDAGA

ÍSISKÁPA
STRÆÐ

SUNNUDAGA

LEITIN
AÐ UPPRUNANUM

SUNNUDAGA

Fram **KOMMA**

MÁNUDAGA

GULLI BYGGIR



Ewan McGregor leikur Danny Torrance, son Jacks og Wendy Torrance sem þau Jack Nicholson og Shelley Duvall léku svo eftirminnilega í *The Shining*, en Danny var þá ungur drengur.

Sagan var ekki öll

Hrollvekjunnendur hafa kannski sumir hverjir þegar tekið eftir að aldrei þessu vant er engin alvöru hrollvekja á dagskrá kvikmyndahúsanna í mánuðinum. Að vísu eru uppvakningar áberandi í *Zombieland*-myndinni *Double Tap* sem kemur í bíó 25. október, en hún er samt frekar gamanmynd en hrollvekja. Góðu fréttirnar fyrir hina sömu er að þeim verður heldur betur bættur þessi hrollvekjuskortur í nóvember þegar nýjasta mynd leikstjórans Mikes Flanagan, *Doctor Sleep*, sem gerð er eftir samnefndri bók Stephens King, verður frumsýnd. Eins og margir vita er sú saga framhald af *The Shining* en gerist áratugum seinna þegar hinn skyggni Danny Torrance, sem var bara smágutti þegar atburðirnir í *The Shining* gerðust, er orðinn fullorðinn og er enn að glíma við að ná tökum á skyggniáfu sinni. Full ástæða er til að ætla að *Doctor Sleep* verði hörkugóð, ekki bara vegna orðrómsins sem bendir sterklega til þess heldur líka vegna fyrri verka Mikes Flanagan, ekki síst síðustu myndar hans, *Gerald's Game*, sem var einmitt líka byggð á sögu eftir Stephen King, en hún var tvímælalaust á meðal bestu spennutrylla ársins 2017. Þess utan á Mike m.a. að baki hinar stórfínu hrollvekjur *Oculus*, *Before I Wake* og *Hush*. *Doctor Sleep* er á dagskrá 8. nóvember og þess má geta að stikla númer tvö úr henni var frumsýnd á netinu á dögnum.




Í *Doctor Sleep* hverfum við m.a. aftur til Overlook-hótelisins þar sem atburðirnir í *The Shining* gerðust. Hér gægist Danny í gegnum gatið fræga á hurðinni sem pabbi hans hjó en í stiklu myndarinnar eru nokkrar fleiri tilvísanir í atburði þeirrar sögu.



Linda Hamilton snýr aftur sem Sarah Connor í *Terminator: Dark Fate*, svo og Edward Furlong í hlutverki Johns Connor, en myndin er óbeint framhald af *Terminator: Judgement Day*.

Connor-mæðginin snúa aftur

Þann 1. nóvember verður ein umtalaðasta mynd ársins, *Terminator: Dark Fate*, loksins frumsýnd en eins og við höfum áður bent á hér í blaðinu gerist hún 27 árum eftir atburðina sem áttu sér stað í *Terminator 2: Judgment Day* sem var frumsýnd árið 1991 og gerir sagan í henni ráð fyrir að það sem gerðist í framhaldsmyndunum þremur, *Terminator 3: Rise of the Machines* (2003), *Terminator Salvation* (2009) og *Terminator Genisys* (2015) hafi annað hvort aldrei gerst eða þá gerst í einhverjum hliðarveruleika.



Þau Linda Hamilton, Edward Furlong og Arnold Schwarzenegger snúa öll aftur sem þau Sarah Connor, John Connor og tortímandinn sem bjargaði John frá bráðum bana árið 1991 og undan hinu þróaða vélmenni T-1000 sem Robert Patrick lék. Það sem meira er er að sjálfur höfundurinn og höfuðpaurinn James Cameron snýr líka aftur sem söguhöfundur og framleiðandi, en hann kom svo að segja ekkert nálægt áður nefndum framhaldsmyndum að öðru leyti en því að samþykkja gerð þeirra. Með önnur stærstu hlutverkin í nýju myndinni fara þau Natalia Reyes, sem leikur unga stúlku, Dani Ramos, sem vélmenni fram tíðar stafar ógn af og vilja því drepa, Mackenzie Davis sem leikur verndara hennar, Grace, og svo Gabriel Luna sem leikur enn eina uppfærðu gerðina af tortímanda úr framtíðinni. Við fjöllum betur um söguna í myndinni í næsta blaði en þangað til geta áhugasamir að sjálsögðu kynnt sér stiklurnar sem eru þrjár talsins.



Arnold Schwarzenegger, sem varð 72 ára í júlí, er hvergi af baki dottinn og leikur hér sama vinveitta tortímandann og hann lék í *Terminator: Judgement Day* árið 1991 eftir að hafa leikið vonda tortímandann í upphaflegu myndinni sem var frumsýnd 1984.

Minna í snúða – meira í bíó?



arionbanki.is

Fjármálin mín í Arion appinu er ný leið til að átta sig á hvert peningarnir fara. Hvað fer mikið í fatakaup? Hvernig sveiflast eldsneytiskaupin yfir árið? Núna verður miklu skemmtilegra að átta sig á stöðunni.

Þægilegri bankaþjónusta **Arion banka**





Allar helstu aðalpersónur fyrri myndarinnar snúa aftur í framhaldsmyndinni, *Frozen II*, ásamt fjölmörgum nýjum.

Leitin að upprunamum

Disney-teiknimyndin *Frozen*, sem var lauslega byggð á ævintýri Hans Christians Andersen, *Snædrottningunni*, sló í gegn svo um munaði árið 2013 bæði hjá börnum og fullorðnum og er enn í dag í toppsæti listans yfir tekjuhæstu teiknimyndir allra tíma. Strax varð ljóst að gert yrði framhald og í nóvember, nánar tiltekið þann 22. er loksins komið að frumsýningu hennar eftir nærri því sex ára bið.

Í *Frozen II* snúa auðvitað allar aðalpersónurnar aftur með þeim Önnu, Elsu, Kristoff, Ólafi og hreindýrinu Svenna í fararbroddi og gerist sagan um þremur árum eftir atburðina í fyrri myndinni. Þessi fimm halda nú út úr heimalandinu Arendelle þegar ný ógn steðjar að í von um að komast að því hvaðan töframáttur Elsu er kominn.

Þess má geta að hjónin Kristen Anderson og Robert Lopez, sem sömdu hið vinsæla lag *Let It Go* snúa líka aftur með fjögur ný lög í *Frozen II* og bíða vafalaust margir eftir að heyra þau, ekki síður en að sjá myndina.



Kristen Stewart, Ella Balinska og Naomi Scott í hlutverkum sínum sem hinar hæfileikaríku og eitilhörðu Sabina Wilson, Jane Kano og Elena Houghlin, einu nafni Englar Charlies.

Englar Charlies aftur á ferð

Það má búast við ómældu fjöri og sprelli í þriðju bíómyndinni sem gerð er um Engla Charlies, en tvær þær fyrri voru frumsýndar árin 2000 og 2003 og voru eins og þessi byggðar á samnefndum sjónvarpsþáttum sem nutu mikilla vinsælda í bandarísku sjónvarpi á árunum 1976 til 1981. Þeir fjölluðu um þrjár ungar konur sem voru leynilegir útsendarar auðugs manns sem vildi ekki láta nafn síns getið en kom skilaboðum til þeirra og leiðbeiningum um næsta verkefni í gegnum milliliðinn Bosley. Tilgangurinn var að berjast á móti óréttlæti og glæpum sem lögreglan var ófær um að ráða við og höfðu stúlkurnar þrjár hlotið viðamikla þjálfun í bæði bardagatækni og meðferð alls kyns vopna.



Á þessum grunni byggir sem sagt þessi nýja mynd um Englana sem í þetta sinn eru leiknar af þeim Kristen Stewart, Ella Balinska og Naomi Scott en voru í fyrri bíómyndunum tveimur leiknar af Cameron Diaz, Drew Barrymore og Lucy Liu. Leikstjóri er Elizabeth Banks sem jafnframt er framleiðandi og leikur milliliðinn Bosley.

Við förum nánar yfir söguþráð myndarinnar í næsta blaði en viljum eins og oft áður benda áhugasömum á stórskemmtilega stíkluna sem sýnir vel þann húmor og þann hasar sem áhorfendur eiga von á þegar myndin verður frumsýnd 15. nóvember!



Leikstjóri *Charlie's Angels* er Elizabeth Banks og er þetta önnur mynd hennar sem leikstjóra á eftir *Pitch Perfect 2*. Elizabeth leikur einnig yfirmann Englanna, Bosley og hér ræða þær málin, Sabina Wilson og hún, í einu atriði myndarinnar.

NICOTINELL

SKREF Í ÁTT AÐ

REYKLAUSU LÍFI



Nicotinell Mint/Fruit/Lakrids/IceMint/ Spearmint lyfjatyggigúmmí, Nicotinell Mint munnsgostöflur, Nicotinell forðaplástur. Inniheldur nikótín. Til meðferðar á tobaksfíkn. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leiðið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is.





Emilia Clarke og Henry Golding fara með aðalhlutverkin í nýjstu mynd leikstjórans og handritshöfundarins Pauls Feig.

Aldrei að segja aldrei

Last Christmas heitir nýjasta mynd Pauls Feig sem sendi síðast frá sér myndina *A Simple Favor* en á líka að baki gamansmellina *Ghostbusters*, *Spy*, *The Heat* og *Bridesmaids*. Myndin sækir bæði heiti sitt og innblástur sögunnar í samnefnt lag Georges Michael og eru flest lögin í myndinni líka eftir hann, þ. á m. lög sem hafa lítið eða ekkert heyrst enda aldrei verið gefin út. Sögu- og handritshöfundur er tvöfaldi Óskarsverðlaunahafinn Emma Thompson sem hlaut einmitt seinni Óskarinn fyrir handritsskrif, þ.e. handritið að gæðamyndinni *Sense and Sensibility* (1995) eftir sögu Jane Austin.



Myndin segir frá Kate sem er dálítið týnd í lífinu og hefur gert hver mistökin af öðrum, bæði hvað varðar atvinnu og í einkalífi. Hún er auk þess staurblönk og ef ekki væri fyrir móður hennar, sem Emma Thompson leikur, væri hún hreint og beint á götunni.

Dag einn hittir hún myndarlegan og heillandi mann að nafni Tom en þar sem hún er svo örugg með sjálfa sig er það ekki fyrr en þau hittast í annað sinn sem þau kynna sig hvort fyrir öðru og alvara kemur í sambandið. En þar með er sagan bara rétt að byrja.

Myndin verður frumsýnd 8. nóvember og þykir mjög líkleg til að slá í gegn hjá þeim sem kunna að meta rómantískar kómedíur.



Myndin gerist að mestu rétt fyrir jól og í jólaundirbúningnum og má því segja að fyrir utan rómantíkina sem svifur yfir vötnunum, húmorinn sem er allsráðandi og skemmtilega tónlist Georges Michael sé þetta líka fyrsta jólamyndin í ár.



Þau Ian McKellen og Helen Mirren leika aðalhlutverkin í *The Good Liar* og eru bæði sterklega orðuð við tilnefningu til BAFTA-verðlauna fyrir túlkun sína á þeim Roy og Betty, jafnvel tilnefningu til Golden Globe- og Óskarsverðlauna.

Lesið á milli línanna

Spennu- og sálfræðidramað *The Good Liar* verður frumsýnt í nóvemberlok en það er byggt á skáldsögu eftir Nicholas Searle og er leikstýrt af margfalda verðlaunahafanum Bill Condon sem hlaut m.a. Óskarsverðlaunin á sínum tíma fyrir handrit sitt að myndinni *Gods and Monsters*, en það var einmitt Ian McKellen sem lék aðalhlutverkið í henni og hlaut tilnefningu til Óskarsverðlauna fyrir vikið.



Ian leikur hér svindlarann Roy Whale sem hefur alla sína ævi lifað á því að féfletta fólk og hefur nú á gamals aldri lært að nota stefnumótasíður til að komast í kynni við auðugar konur.

Dag einn kynnist hann slíkri konu, ekkjunnri Betty McLeish (Helen Mirren) sem James er fljótur að uppgötva að eigi sennilega eignir og peninga upp á þrjár milljónir punda. Staðráðinn í að hafa sem mest af henni byrjar hann að fara á fjörunar við hana og er vel tekið, enda kann hann að setja upp sjarma séntilmannsins. En þótt Betty virðist ekki vita um gildruna sem hún er um það bil að ganga í sjá ættingjar hennar í gegnum Roy og hefja rannsókn á fortíð hans, sem er allt önnur en sú sem hann hefur látið uppi. Smám saman byggist upp mikil spenna í samskiptunum, en það sem Roy finnst einna verst er að honum er í alvörunni farið að þykja vænt um Betty og er því sjálfur kominn með efasemdir um að geta klárað svindlið. Þess ber að geta að Jóhannes Haukur Jóhannesson leikur stórt hlutverk í myndinni og sést hann m.a í stiklu hennar.



Þótt stórleikararnir Helen Mirren og Ian McKellen hafi þekkt vel um árabíl og margoft leikið og starfað saman er þetta í fyrsta sinn sem þau leika hvort á móti öðru í bíómynd.



ANGELINA JOLIE

Disney
MALEFICENT
MISTRESS OF EVIL

EGILSHÖLL
SAMBÍÓN

KRINGLUNNI
SAMBÍÓN

ÁLFABAKKA
SAMBÍÓN

KEFLAVÍK
SAMBÍÓN

SMÁRA
BÍÓ

AKUREYRI
SAMBÍÓN

FRUMSÝND 18. OKTÓBER



Gugu Mbatha-Raw leikur stórt hlutverk í myndinni og sést hér ásamt Edward Norton í hlutverki Lionel Essrog.

Hver myrti Frank?

Það hefur ekki mikið borið á Edward Norton á undanförunum árum, eða allt síðan hann var í sviðsljósinu árið 2014 þegar myndirnar *Birdman* og *The Grand Budapest Hotel* gerðu það gott. Að vísu hefur hann tekið að sér smærri verkefni síðan þá en ástæðan fyrir því að hann hefur ekki tekið að sér stærri hlutverk er að hann keypti árið 2013 kvikmyndaréttinn að verðlaunabók rithöfundarins Jonathans Lethem, *Motherless Brooklyn*, og ákvað að gera allt í senn, framleiða myndina, skrifa handritið, leikstýra henni og leika aðalhlutverkið.



Myndin er nú svo gott sem tilbúin og verður frumsýnd í byrjun nóvember. Hún segir frá manni einum, Lionel Essrog, sem þjáist af tourette-taugaheilkenninu og starfar hjá einkaspæjara að nafni Frank Minna í New York á sjötta áratug síðustu aldar. Dag einn er Frank myrtur af ókunnum aðila og í framhaldinu kemst fátt annað að í huga Lionels en að finna þann seka og komast að ástæðunni fyrir morðinu. Það er Bruce Willis sem leikur Frank en á meðal annarra leikara í stórum hlutverkum eru þau Willem Dafoe, Gugu Mbatha-Raw, Alec Baldwin, Leslie Mann, Bobby Cannavale og Fisher Stevens. Þess má geta að Edward er sterklega orðaður við Óskarsverðlaun fyrir myndina og þykir frábær í aðalhlutverkinu.



Motherless Brooklyn er önnur mynd Edwards Norton sem leikstjóra en þá fyrri, *Keeping the Faith*, gerði hann árið 2000.



Matt Damon og Christian Bale leika þá Carroll Shelby og Ken Miles sem tóku höndum saman um að byggja bíl fyrir Ford sem ætti möguleika á að vinna Ferrari í Le Mans-kappakstrinum 1966.

Komdu með keppnisskapið!

Ford v Ferrari er nýjasta mynd leikstjórans James Mangold (*Logan*, *The Wolverine*, *3:10 to Yuma*, *Walk the Line*) og verður hún frumsýnd 22. nóvember ef áætlun gengur eftir. Þetta er sönn saga um samstarf kappakstursmannsins Kens Miles og bílasmíðsins og frumkvöðulsins Carrolls Shelby sem árið 1966 fengu 90 daga til að setja saman bíl hjá Ford-verksmiðjunum sem gæti sigrað Ferrari í Le Mans-kappakstrinum, en Ferrari-bifreiðar báru þá höfuð og herðar yfir aðra kappakstursbíla. Við förum ekki út í það hér hvernig þessi tiltekni kappakstur fór eða hvað gerðist í honum, en í myndinni er áherslan fyrst og fremst lögð á stórasamt samband þeirra Kens og Carrolls sem voru gerólíkir karakterar en þurftu að leggja persónulegan ágreining sinn til hliðar ef þeim ætti að takast að smíða bílinn á svona skömmum tíma.



Með aðalhlutverkin fara þeir Matt Damon og Christian Bale og að sjálfsgöðu eru þeir báðir nefndir sem líklegir kandidatar til Óskarsverðlauna svo og myndin sjálf, leikstjórn hennar og handrit. Við sjáum hvað setur í þeim efnum en myndin, sem hefur verið sýnd á nokkrum kvikmyndahátíðum, hefur hlotið mjög góða dóma og þykir gefa frábæra innsýn í kappaksturslífið á þessum tíma.



Hinir raunverulegu Ken Miles og Carroll Shelby á góðri stundu, sennilega í byrjun árs 1966.




Willem Dafoe og Robert Pattinson leika vitaverðina Thomas Wake og Ephraim Winslow í mynd Roberts Eggers, *The Lighthouse*.



Þau Slim og Queen eru leikin af þeim Daniel Kaluuya og Jodie Turner-Smith og er bæði þeim og myndinni spáð mörgum verðlaunum á komandi kvikmyndahátíðum.

Einangrun hefur áhrif

The Lighthouse, sem verður frumsýnd í kvikmyndahúsum hér á landi í nóvember, er sennilega ein sérstakasta bíóupplifun ársins en hún hlaut m.a. svokölluð FIPRESCI-verðlaun á kvikmyndahátíðinni í Cannes í vor sem eru veitt af alþjóðasamtökum kvikmyndagagnrýnenda. Myndin, sem er eftir leikstjórnann Robert Eggers (*The Witch*), hefur einnig hlotið fjögurra- og fimmstjörnu dóma margra gagnrýnenda og er með 89,9 í meðaleinkunn á Metacritic-síðunni þegar þetta er skrifað.



Sagan er um tvo vitaverði á eyðieyju undan ströndum Nýja-Englands árið 1890, Thomas Wake og Ephraim Winslow. Þeir eru ekki miklir mátar en verða samt að þola nærveru hvor annars nánast allan sólarhringinn enda búa þeir þröngt í vitanum sem þeir eru að gæta. Sögur af dularfullum atburðum sem hent hafa fyrri vitaverði hafa hrætt þá báða þannig að öll hljóð eða hreyfingar verða að ógn í þeirra huga. Smám saman byrja þeir svo að tapa raunveruleikaskyninu í einangruninni sem starfinu fylgir og að því kemur að allt fer í háloft með alvarlegum afleiðingum.

Það þarf vart að taka fram að þeir eru margir sem telja að bæði Willem og Robert eigi skilið tilnefningu til Óskarsverðlauna fyrir leik sinn í myndinni og hver veit nema svo fari.




Leikstjóri *The Lighthouse*, Robert Eggers, ásamt aðalleikurum Willem Dafoe og Robert Pattinson, en myndin hefur verið sýnd á fjölmörgum kvikmyndahátíðum á árinu við góðar viðtökur.

Taktu afleiðingunum

Við ljúkum þessari yfirferð okkar að þessu sinni yfir væntanlegar myndir á því að benda kvikmyndaáhugafólki á stiklu myndarinnar *Queen & Slim* sem margir hafa að undanförunu spáð bæði góðu gengi í kvikmyndahúsum þegar hún verður frumsýnd og mörgum verðlaunum á komandi verðlaunahátíðum. Myndin er fyrsta bíómynd Melinu Matsoukas sem er þó enginn nýgræðingur á bak við vélnarar því hún hefur gert fjölda tónlistarmyndbanda á undanförunum fimmtán árum fyrir tónlistarfólk eins og Beyoncé, Jay-Z, Christinu Aguilera, Rihönnu, Jennifer Lopez, Ciöru, Aliciu Keys, Leonu Lewis, Robin Thicke, Lily Allen, Katy Perry, Lady Gaga, Kylie Minogue, Snoop Dogg o.m.fl. og uppskorið fjölda verðlauna fyrir þau, þ. á m. tvönn Grammy-verðlaun, 2013 og 2017.



Í *Queen & Slim* segir hún okkur sögu af samnefndu fólki sem leikið er af þeim Jodie Turner-Smith og Daniel Kaluuya. Þau eru svo gott sem nýbyrjuð í ástarsambandi þegar þau eru kvöld eitt stöðvuð af lögreglumanni fyrir að hafa ekki notað stefnuljós í einhverri beygjuni. Þetta hefði átt að vera sárasklaust dæmi án nokkurra afleiðinga enda hvorugt undir áhrifum né ólögleg á nokkurn hátt en áður en nokkur veit af fer allt í háloft á milli þeirra og lögreglumannsins sem endar með því að hann liggur örendur eftir. Þar með verða góð ráð dýr. Myndin þykir afar vel leikin, verulega vel gerð í alla staði og gríðarlega áhrifarík. Sjáið stikluna.



Enska leikaranum Daniel Kaluuya skaut skyndilega upp á stjörnuhimininn þegar hann fór með aðahlutverkið í stórsmellinum *Get Out* og hlaut fyrir leik sinn þar tilnefningu til Óskarsverðlauna. Í *Queen & Slim* þykir hann sanna að sá heiður var engin tilviljun.



Joker

Glæpadrama / Tryllir



Aðalhlutverk: Joaquin Phoenix, Zazie Beetz, Robert De Niro, Frances Conroy, Brett Cullen, Douglas Hodge, Dante Pereira-Olson, Marc Maron og Shea Whigham **Leikstjórn:** Todd Phillips **Bíó:** Sambíóin Álfabakka, Kringlunni, Egilshöll, Keflavík og Akureyri, Smárabíó, Laugarásbíó, Bíóhúsið Selfossi, Ísafjarðarbíó, Eyjabíó, Bíóhöllin Akranesi, Skjaldborgarbíó og Króksbíó

Frumskýnd 4. október



Veistu svarið?

Þeir eru orðnir ansi margir sem spá Joaquin Phoenix tilnefningu til allra helstu leiklistarverðlauna ársins fyrir hlutverk sitt í *Joker*, þ. á m. til Óskarsverðlauna. En fyrir leik í hvaða þremur myndum hefur hann áður verið tilnefndur til Óskarsverðlauna?



Gladiator, Walk the Line og The Master.

Settu upp brosið

Upprunasaga Arthurs Fleck og hvernig mótlætið sem hann mætti í lífinu breytti honum smám saman í stórglæpamanninn síhlæjandi, *Joker*, sem eins og flestir vita varð síðar að einum helsta andstæðingi Bruce Wayne/Batmans í Gothamborg.

Það bíða sjálfsgagt margir spenntir eftir að fá að sjá þessa nýjustu og rómuðu mynd leikstjórans Todds Phillips sem hingað til hefur verið þekktastur fyrir gamanmyndir sínar eins og *Road Trip*, *Old School*, *Starsky & Hutch*, *War Dogs* og *Hangover*-myndirnar. Um er að ræða frumsamda sögu þar sem Todd og meðhandritshöfundur hans, Scott Silver (*The Fighter*, *8 Mile*), voru gefnar frjálssar hendur í túlkun sinni á Arthur Fleck og þeim atburðum sem gerðu hann að lokum að Jókerum. Myndin, sem var frumsýnd á kvikmyndahátíðinni í Feneyjum og hefur m.a. verið kölluð „meistaraverk“ og „mynd ársins“ af gagnrýnendum, er tvímælalaust ein af þeim sem allir sannir kvikmyndaunnendur ættu hiklaust að sjá á stóru tjaldi í bíó.



Joaquin Phoenix þykir stórkostlegur í hlutverki Arthurs Fleck sem breytist smátt og smátt í hinn miskunnarlaus glæpamann Joker.

Punktar

★★★★★ - *Guardian* ★★★★★ - *Film Threat* ★★★★★ - *Empire* ★★★★★ - *CineVue* ★★★★★ - *Time Out* ★★★★★1/2 - *Variety* ★★★★★1/2 - *Playlist* ★★★★★ - *Telegraph* ★★★★★ - *H. Reporter*

• *Joker* var frumsýnd á kvikmyndahátíðinni í Feneyjum þar sem hún hlaut Gullna ljónið sem besta mynd hátíðarinnar. Hún hefur enn fremur hlotið frábæra dóma margra gagnrýnenda og er þegar þetta er skrifað með 9,5 í einkunn á IMDb frá 14 þúsund notendum.

• Hermt er að myndin sé í raun fyrsta myndin í nýjum myndaflokki frá DC-Comics þar sem ætlinin er að gera uppruna hinna ýmsu karaktera sem komið hafa fram í myndasögublöðunum skil.



Robert De Niro fer með veigamikil hlutverk í myndinni.



КÆГДН БІС ЛЬБЪ & ИИДНЪ

Jóker er seiðandi og ljúffengur vanillupinni frá Kjörís, með salmfakfyllingu og hjúpaður sterkri lakkrísdyfu.





Everest – Ungi snjómaðurinn

Fjölskylduskemmtun

L 97 mín

Íslensk talsetning: Þórdís Björk Þorfinnsdóttir, Árni Beinteinn Árnason, Lúkas Emil Johansen, Unnur Ösp Stefánsdóttir, Orri Huginn Ágústsson, Jóhanna Vigdís Arnardóttir, Íris Hólm Jónsdóttir, Steinn Ármann Magnússon og Bjarki Kristjánsson **Þýðing:** Haraldur Jóhannsson **Leikstjórn:** Selma Lóa Björnsdóttir **Bíó:** Laugarásbíó, Smárabíó, Háskólalabíó, Sambíóið Álfabakka og Borgarbíó Akureyri

Frumskýnd 4. október



Hjálpum honum heim aftur

Nýjasta teiknimyndin frá DreamWorks er gerð af sömu aðilum og gerðu m.a. *Shrek*- og *Madagascar*-myndirnar, myndina um *Croods*-fjölskylduna og *Að temja drekann sinn*-þrífleikinn. Þetta er gullfallegt, fjörugt og dásamlega litríkt ævintýri um ungan snjómann sem sleppur úr þrífund ræningja sinna og fær aðstoð þriggja krakka til að komast aftur heim til Himalaja-fjalla.

Sagan gerist í Kína og við kynnumst hér ungu tónlistarkonunni og fjölmörgu leikaranum Yi sem verður meira en lítið hissa þegar hún rekst á ungan en risastóran snjómann í felum á þaki blokkarinnar þar sem hún býr. Þeim verður strax vel til vana og þegar Yi áttar sig á að snjómanninum unga hefur verið rænt fær hún vini sína, þá Jin og Peng, til að aðstoða sig við að koma honum aftur heim til fjölskyldu sinnar sem býr á toppi Everest-tinds í Himalaja-fjöllum ...





Goðheimar

Ævintýri / Fjölskyldumynd



Aðalhlutverk: Roland Møller, Dulfi Al-Jabouri, Cecilia Loffredo, Saxo Moltke-Leth, Reza Forghani, Salóme Gunnarsdóttir og Lára Jóhanna Jónsdóttir **Leikstjórn:** Fenar Ahmad **Bíó:** Smárabíó, Laugarásbíó, Háskólabíó, Bíó Paradís, Sambíóin Álfabakka, Akureyri og Keflavík og Bíóhúsið Selfossi

Frumskýnd 11. október



Cecilia Loffredo leikur víkingastúlkuna og Miðgarðsbúann Röskvu ...

Veistu svarið?

Goðheimar er þriðja bíómynd leikstjórans og handritshöfundarins Fenars Ahmad en sú fyrsta var *Ækte vare* sem var frumsýnd 2014. Árið 2017 sendi hann svo frá sér frábæra mynd sem hlaut m.a. Bodil-verðlaunin fyrir besta handritið. Hvaða mynd?



Undirverðin

Jafnvel guðir þurfa á hetjum að halda

Goðheimar er stórfengleg og æsispennandi fjölskyldu- og ævintýramynd um ungu víkingasystkinin og Miðgarðsbúana Röskvu og Þjálfu sem koma ásamt þrumuguðinum Þór og Loka hinum lævísu til Ásgarðs og eiga sannarlega eftir að reynast hetjurnar sem guðina vantaði.

Goðheimar er danskt-íslenskt samstarfsverkefni sem sækir efnið í íslenskar fornsögur, aðallega Snorra-Eddu en einnig í ýmsar aðrar sagnir svo sem Þrymskviðu, Völuspá og Grímnismál. Myndin, sem er talset á íslensku, verður frumsýnd á sama tíma á Íslandi og í Danmörku og þykir listilega vel gerð að öllu leyti. Þetta er kjörin skemmtun fyrir alla sem kunna að meta viðburðaríkar ævintýramyndir.



Roland Møller (*Under sandet, Skyscraper*) leikur þrumuguðinn Þór sem einna mest mæðir á í baráttunni við Fenrisúlfinn, jötnana og fleiri óvini goðanna sem stefna að því að leggja Valhöll í rúst.

Punktar

- Handrit myndarinnar er eftir leikstjórnann Fenar Ahmad og Adam August en það er byggt á teiknimyndinni *Valhalla* sem Peter Madsen leikstýrði árið 1986, en hún var aftur byggð á hans eigin teiknimyndasögum sem í íslenskrri þýðingu Guðna Kolbeinssonar hlutu heitið *Goðheimar* og komu út hjá lðunni á árunum frá 1979 til 2009, og voru svo að hluta til endurútgefnar frá 2010 til 2014.

- *Goðheimar* var að stórum hluta tekin upp á Íslandi, en meðframleiðandi hennar var Grímar Jónsson fyrir hönd Netop Films sem framleiddi einnig myndirnar *Undir trénu* og *Héraðið*. Þess má svo geta að fyrir utan þær Salóme Gunnarsdóttur og Lára Jóhannu Jónsdóttur sem leika þær Freyju og Sif sá Kristín Júlía Kristjánsdóttir um hár og förðun og um búningahönnun sá Margrét Einarsdóttir.



... sem ásamt bróður sínum Þjálfu (Saxo Moltke-Leth) lendir í vægast sagt mögnuðum ævintýrum í Ásgarði þar sem þau ganga í lið með goðunum til að bjarga Valhöll frá algerri tortímingu.



Gemini Man

Vísindaskáldsaga / Hasar



Aðalhlutverk: Will Smith, Mary Elizabeth Winstead, Clive Owen, Benedict Wong, Douglas Hodge, Ralph Brown, Linda Emond og Theodora Miranne **Leikstjórn:** Ang Lee **Bíó:** Sambíóin Álfabakka, Kringlunni, Egilshöll, Keflavík og Akureyri, Smárabíó, Laugarásbíó, Bíóhúsið Selfossi, Ísafjarðarbíó, Eyjabíó, Bíóhöllin Akranesi, Skjaldborgarbíó og Króksbíó

Frumskýnd 11. október



Will Smith í hlutverkum sínum sem leigumorðingjarnir Junior og Henry Brogan. Í baksýn er Mary Elizabeth Winstead sem leikur Danny.

Veistu svarið?

Breski gæðaleikarinn Clive Owen, sem leikur „vonda kallinn“ í *Gemini Man*, fagnar um þessar mundir 30 ára leiklistarafmæli sínu en segja má að hann hafi fyrst slegið í gegn í vinsælum breskum sjónvarpsþáttum sem hófu göngu sína árið 1990. Hvað hétu þeir?



Chancer

Hver bjargar honum frá sjálfum sér?

Henry Brogan er reyndur leigumorðingi hins opinbera en er búinn að fá sig fullsaddan af starfinu og leitar leiða til að draga sig í hlé. Það er hins vegar hægara sagt en gert fyrir mann sem býr yfir jafnmikilli vitneskju og hann um myrkra- verk stjórnarinnar. Dag einn uppgötvar hann að hann er sjálf- ur orðinn bráð leigumorðingja sem virðist vita allt um hann.

Þessi nýjasta mynd meistaraleikstjórans Angs Lee lofar afar góðu en í henni fer Will Smith með tvö hlutverk því hann leikur bæði leigumorðingjann Henry Brogan svo og þann sem hefur verið falið að drepa hann, Junior, en sá reynist vera klónn af honum sjálfum og þekkir því hverja hans hreyfingu og taktík. Búið ykkur undir hörkuhasar og snjalla sögu þar sem ekkert er eins og það sýnist!



Will Smith leikur á móti sjálfum sér í *Gemini Man* þar sem hann er yngdur upp með tölvutækni í öðru hlutverkinu rétt eins og gert var í tilfalli Samuels L. Jackson í myndinni *Captain Marvel*.

Punktar

- Söguhugmyndin að baki *Gemini Man* var upphaflega skrifuð af David Lemke árið 1997 þegar Tony Scott tók að sér að gera úr henni kvikmynd fyrir Disney. Vandamálið frá upphafi var að gera yngingu aðalpersónunnar trúverðuga með förðun og þótt þeir Curtis Hanson og Joe Carnahan hefðu síðar glímt við verkefnið og þeir Harrison Ford, Mel Gibson, Clint Eastwood og Sean Connery hafi allir verið nefndir sem kandidatar í aðalhlutverkið frestaðist kvikmynda- gerðin sífellt vegna þessa vandamáls ... eða allt þar til það var orðið ljóst fyrir nokkrum árum að í stað förðunar var tölvutæknið komin á það stig að hún myndi ráða við ynginguna á trúverðugan hátt.



Leikstjóri *Gemini Man* er tvöfaldi Óskarsverðlaunahafinn Ang Lee sem á m.a. að baki myndirnar *Crouching Tiger, Hidden Dragon*, *Sense and Sensibility*, *Brokeback Mountain*, *The Ice Storm* og *Life of Pi*.



NÝTT BRAGÐ

BUFFALO BORGARI



pepsi
MAX



1.299 kr.

vs

1.999 kr.

Original kjúklingaborgari með buffalo sósu, káli og léttmæjónesi.

Buffalo borgari, 3 Hot Wings, franskar, gos og Lindu appelsínusúkkulaði.



Ready or Not

Hrollur / Svartur húmor / Ráðgáta



Aðalhlutverk: Samara Weaving, Adam Brody, Andie MacDowell, Mark O'Brien, Henry Czerny, Nicky Guadagni, Melanie Scrofano, Elyse Levesque og John Ralston **Leikstjórn:** Matt Bettinelli-Olpin og Tyler Gillett **Bió:** Smárabíó, Sambíóið Egilshöll og Borgarbió Akureyri


Frumskýnd 18. október



Le Domas-fjölskyldan er sannarlega ekki eins og fólk er flest.

Veistu svarið?

Adam Brody leikur stórt hlutverk í myndinni en hann á 25 ára leikafmæli á næsta ári þrátt fyrir að vera aðeins fertugur. Segja má að stjarna hans hafi risið í hæstu hæðir þegar hann lék í gríðarlega vinsælum sjónvarpsþáttum á árunum 2003–2007. Hvaða þáttum?



©2019

Niðurtalningin er hafin

Grace er ung kona sem þykist hafa himin höndum tekið þegar hún giftist hinum myndarlega Alex Le Domas á óðalssetri fjölskyldu hans enda er hver fjölskyldumeðlimurinn öðrum auðugri. Það sem Grace veit ekki er að brúðkaupsnóttin verður að öllum líkindum sú síðasta sem hún lifir – eða hvað?

Ready or Not er kolsvartur grín-„slasher“ og fantasía eftir þá félagi Matt Bettinelli-Olpin og Tyler Gillett sem eru einna þekktastir fyrir sinn hlut í tryllinum *V/H/S* frá árinu 2012. Hér segja þeir okkur söguna af hinnu ungu Grace sem eftir að hafa gengið í hjónaband með sínum heitelskaða Alex Le Domas kemst að því að hún er orðin skotmark allra hinna fjölskyldumeðlimanna sem ætla sér að drepa hana áður en nýr dagur rennur upp. Hver ástæðan fyrir því er upplýsum við ekki hér en lofum að sögulokin koma á óvart ...



Það er ástralska leikkonan Samara Weaving sem leikur brúðina Grace og hefur hún fengið mikið lof fyrir marga snilldartakta í hlutverkinu.

Punktar


★★★★1/2 - *Chicago Sun-Times* ★★★★★ - *IGN* ★★★★★ - *Empire* ★★★★★ - *Vulture* ★★★★★ - *Variety* ★★★★★ - *Entert. Weekly*

• *Ready or Not* var frumsýnd á alþjóðlegu Fantasy-kvikmyndahátíðinni í Kanada og skömmu síðar á Frightfest í Bretlandi og Fantasy Filmfest í Þýskalandi. Er skemmst frá því að segja að hún fékk afar góðar viðtökur bæði áhorfenda og gagnrýnenda og þegar þetta er skrifað er hún með 7,2 í meðaleinkunn frá 14 þúsund notendum IMDb og er 88% „fresh“ hjá 208 gagnrýnendum á Rotten Tomatoes.

• Handrit myndarinnar er eftir þá Guy Busick og Ryan Murphy og hafa þeir sagt að innblásturinn sé að nokkru leyti borðspilið *Clue*.



Leikhópur *Ready or Not* ásamt leikstjórunum Matt Bettinelli-Olpin og Tyler Gillett þegar myndin, sem er á góðri leið með að verða einn af óvæntustu bíósmellum ársins, var forsýnd í Los Angeles 20. ágúst.



Jexi

Gamanmynd

Aldurstakmark og lengd ekki fyrirbyggjandi fyrir prentun

Aðalhlutverk: Adam Devine, Alexandra Shipp, Rose Byrne, Justin Hartley, Michael Peña, Wanda Sykes, Charlyne Yi og Ron Funches
Leikstjórn: Jon Lucas og Scott Moore **Bíó:** Laugarásbíó, Sambóíð Álfabakka og Borgarbíó Akureyri

Frumskýnd 18. október



Justin Hartley (*This Is Us*) leikur stórt hlutverk í myndinni.

Veistu svarið?

Adam Devine hóf feril sinn sem uppstandsgrínisti og var búinn að skapa sér nafn sem slíkur þegar hann fór að leika í sjónvarpsþáttum og kvikmyndum upp úr 2006. Segja má að hann hafi svo slegið hressilega í gegn í grínþáttum sem hófu göngu sína 2011. Hvaða?



Workaholics

Síminn til þín

Phil er maður sem vinnur við að skrifa alls konar topp 10-lista til að afla heimsókna á vefsíður og getur, eins og fleiri, ekki án símans síns verið. Í raun er hann háður honum. Dag einn fær hann sér nýjan síma sem inniheldur alveg nýtt forrit, Jexi, en það er hannað til að hjálpa notendum að hafa betri stjórn á því sem þeir taka sér fyrir hendur. En Jexi er meira en það!

Hér er á ferðinni gamanmynd sem lofar góðu en hún skartar í aðalhlutverki hinum stórskemmtilega grínista Adam Devine. Málið með nýja forritið, Jexi, er að það er ekki bara hjálpsamt með afbrigðum heldur telur það sig vita betur en Phil hvað sé honum fyrir bestu og byrjar að stýra því hvað hann tekur sér fyrir hendur. Í fyrstu verkar þetta sem stórsniðug viðbót við hið hversdagslega líf Phils, en það á eftir að breytast þegar Jexi færir sig upp á skaftið og tekur upp á að blanda sér inn í einkalíf hans mun meira en eðlilegt getur talist ...



Til að byrja með er Phil alsæll með nýja símann sinn enda er hann hlaðinn tækninýjungum. Adam Devine í hlutverki sínu í *Jexi*.

Punktur

- Leikstjórar og handritshöfundar *Jexi* eru þeir félagar Jon Lucas og Scott Moore en þeir eiga að baki myndina *21 & Over* og svo *Bad Moms*-myndirnar tvær auk þess sem þeir skrifuðu handrit fyrstu *Hangover*-myndarinnar og myndanna *Four Christmases*, *Ghosts of Girlfriends Past*, *Office Christmas Party* og *The Change-Up*.
- Fyrir utan eitt atriði er öll myndin tekin upp í San Francisco.
- Hermt er að Adam Devine fari algerlega á kostum í myndinni og þá ekki síður Rose Byrne sem leikur titilhlutverkið, þ.e. hún talar fyrir forritið Jexi sem reynir hvað það getur að yfirtaka líf Phils.




Alexandra Shipp leikur konuna sem kemur inn í líf Phils, Cate, en Alexandra er einna þekktust fyrir að leika Ororo Munroe, öðru nafni Storm, í *X-Men*-myndunum *Apocalypse* og *Dark Phoenix*.

Maður er manns gaman

Bíómyndin *Agnes Joy* er grátbrosleg mæðgnasaga eftir leikstjórnann Silju Hauksdóttur. Áleitin saga úr samtímanum og um leið þroskasaga mæðgna frá Skaganum þar sem húmorinn er aldrei langt undan.

Hér segir frá Rannveigu sem hefur að undanfögnu upplifað kulnun í bæði starfi og einkalífnum. Það er ekki nóg með að hún sé einmana, hjónabandið með eiginmanninum Einari sé á leið í hundana og að hún sé föst í starfi sem hún hatar, heldur á hún einnig í stöðugum útistöðum við dóttur sína Agnesi, sem er uppreisnargjörn og krefst þess að fara sínar eigin leiðir þrátt fyrir boð, bönn og sígildar móðurlegar ráðleggingar.

Þegar nýr nágranni, leikarinn Hreinn, birtist á tröppunum er eins og vonbrigði og gremja hversdagsins hverfi um stund hjá mæðgunum. Það leiðir til þess að fjölskyldan neyðist til að endurmeta hlutina og horfast í augu við glænýjar áskoranir.



Agnes Joy

Gamandrama



Aðalhlutverk: Katla Margrét Þorgeirsdóttir, Donna Cruz, Þorsteinn Bachmann, Björn Hlynur Haraldsson og Kristinn Óli Haraldsson
Leikstjórn: Silja Hauksdóttir **Bíó:** Smárabíó, Háskólabíó, Laugarásbíó og Borgarbíó Akureyri

Frumskýnd 18. október



Donna Cruz leikur dóttur Rannveigar og Einars og um leið titilpersónu myndarinnar, hina uppreisnargjörnu Agnesi Joy.

Veistu svarið?

Agnes Joy er önnur mynd leikstjórans og handritshöfundarins Silju Hauksdóttur í fullri lengd en sú fyrri var myndin *Dís* sem var frumsýnd árið 2004. Hvaða leikkona lék titilhlutverkið í þeirri mynd?



Alfrun Örnólfsdóttir.



Katla Margrét Þorgeirsdóttir leikur Rannveigu sem segja má að hafi átt í hálfgerðri tilvistarkreppu að undanfögnu.

Punktur

- Handrit *Agnes Joy*, sem er eftir leikstjórnann Silju Hauksdóttur, Göggju Jónsdóttur og Jóhönnu Friðriku Sæmundsdóttur, er byggt á söguhugmynd eftir Mikael Torfason sem einnig er meðframleiðandi ásamt Guðbjörgu Sæmundsdóttur, en aðalframleiðendur eru þær Birgitta Björnsdóttir og Gagga Jónsdóttir fyrir Vintage Pictures.
- Myndin verður frumsýnd á alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni Busan í Suður-Kóreu í byrjun október og hér á landi 18. október. Sjáðu endilega stórgóða stiklu myndarinnar sem var frumsýnd á visir.is 12. september og lofar svo sannarlega góðu.



Fjórir af aðalleikurum myndarinnar í hlutverkum sínum, þ.e. Donna Cruz, Björn Hlynur Haraldsson, Þorsteinn Bachmann og Katla Margrét Þorgeirsdóttir, en Kristinn Óli Haraldsson, best þekktur sem tónlistarmaðurinn Króli, leikur einnig stórt hlutverk í myndinni.

DALOON[®]

Fljótlegt og hollt!

Skelltu Daloon í ofninn
eða á grillið!



Ógnin er ekki alltaf sýnileg

Fimm ár eru liðin síðan atburðirnir í bíómyndinni *Maleficent* gerðust og Áróra er nú orðin 21 árs. Þegar hún tekur bónorði Filips prins setur Maleficent sig algerlega upp á móti þeim ráðahag enda grunar hana Ingiríði drottningu, móður Filips, um að vera með ill áform á þrjónunum – og hefur rétt fyrir sér.

Bíómyndin *Maleficent* sem var frumsýnd sumarið 2014 sló í gegn á heimsvísu eins og flestir muna og var þá þegar tekin ákvörðun um að gera sjálfstætt framhald af henni. Þann 18. október er komið að frumsýningu þess og segir orðrómurinn að um sé að ræða alveg magnað ævintýri þar sem í engu hefur verið til sparað í sviðsetningu og einstökum tölvubrellum sem þykja stórfenglegar.

Fyrir utan sjálfa megin söguna fáum við einnig að skyggjast betur inn í fortíð Maleficent og kynnst uppruna hennar og er óhætt að lofa áhorfendum að sá hluti sögunnar kemur verulega á óvart ...



Angelina Jolie endurtekur hér hlutverk sitt sem álfadrottningin Maleficent sem í þetta sinn stendur frammi fyrir alveg nýrri ógn.

Maleficent: Mistress of Evil

Ævintýri

Aldurstakmark ekki fyrirgjandi fyrir prentun

118 mín

Aðalhlutverk: Angelina Jolie, Michelle Pfeiffer, Elle Fanning, Harris Dickinson, Chiwetel Ejiofor, Sam Riley, Ed Skrein, Imelda Staunton, Juno Temple og Lesley Manville **Leikstjórn:** Joachim Rønning **Bíó:** Sambíóin Álfabakka, Kringlunni, Egilshöll, Keflavík og Akureyri, Smárabíó, Bíóhúsið Selfossi, Ísafjarðarbíó, Eyjabíó, Bíóhöllin Akranesi, Skjaldborgarbíó og Króksbíó

Frum sýnd 18. október



Elle Fanning leikur sem fyrr Áróru prinsessu sem nú er orðin fimm árum eldri en hún var í fyrri myndinni og er tilbúin til að giftast.

Veistu svarið?

Elle Fanning er eins og flestir vita yngri systir Dakotu Fanning en á milli þeirra eru fjögur ár. Þær hafa samt aldrei leikið í sömu myndinni fyrir utan fyrstu myndina sem Elle birtist í tveggja ára gömul árið 2001 en í henni lék Dakota stórt hlutverk. Hvaða mynd var það?



Í Am Sam

Punktar

- Sagan um álfadrottninguna Maleficent er eins og margir vita spunnin út frá Disney-útgáfunni af sögunni um Þyrnirós, en það var einmitt Maleficent sem lagði þau álög á Þyrnirós (Áróru) að hún myndi stinga sig á snældu á sextán ára afmæli sínu og deyja. Í ár eru liðin 60 ár frá því Þyrnirós frá Disney var frumsýnd árið 1959.
- Flestir leikarar í 2014-myndinni snúa hér aftur í sömu hlutverkum nema Brenton Thwaites sem lék Filip prins. Við hlutverki hans tekur nú Harris Dickinson sem sló í gegn árið 2017 í myndinni *Beach Rats*.
- Leikstjóri er hinn norski Joachim Rønning sem gerði það gott með mynd sinni *Kon-Tiki* árið 2012 og leikstýrði svo *Pirates of the Caribbean: Dead Men Tell No Tales* ásamt félaganum Espen Sandberg.



Michelle Pfeiffer leikur Ingiríði drottningu, móður Filips prins og því tilvonandi tengdamóður Áróru. Hún er ekki öll þar sem hún er séð.

14 STÖÐUM UM LAND ALLT

Þú getur nú pantað matvöru í gegnum vefverslun Nettó og sótt á 14 stöðum um land allt



**VERSLAÐU
Á NETTO.IS**

FLJÓTLEGT - EINFALT - ÞÆGILEGT



Dronningen

Drama



Aðalhlutverk: Trine Dyrholm, Gustav Lindh, Magnus Krepper, Liv Esmár Dannemann, Silja Esmár Dannemann, Stine Gyldenkerne og Preben Kristensen **Leikstjórn:** May el-Toukhy **Bíó:** Háskólabíó og Borgarbíó Akureyri

Frumnýnd 25. október



Gustav Lindh leikur stjúpsoninn Gustav og þykir eins og Trine Dyrholm stórkostlegur í hlutverkinu, svo og samleikur þeirra.

Veistu svarið?

Það verður vart tölu komið á verðlaunin sem Trine Dyrholm hefur hlotið og má nefna að hún hefur verið tilnefnd 28 sinnum til Bodil- og Robert-verðlaunanna og hlotið þau fjórtán sinnum. En í hvaða Óskars- og Golden Globe-verðlaunamynd lék hún árið 2010?



Hævern.

Hið ranga verður aldrei rétt

Anne er virtur og vel metinn lögfræðingur sem hefur sérhæft sig í málum sem varða misnotkun á börnum. Í einkalífnum hefur henni einnig gengið vel og eiga hún og eiginmaður hennar, Peter, tvær dætur. Þegar Gustav, sonur Peters úr fyrra sambandi, flytur inn á heimilið stofnar hún til forboðins sambands við hann og leggur um leið allt sitt undir, bæði starfsheiður sinn og einkalíf ... með hrikalegum afleiðingum.

Hér er á ferðinni algjörlega mögnuð og gríðarlega áhrifarík mynd eftir May el-Toukhy sem skrifaði einnig handritið ásamt Maren Louise Käehne. Við fylgjumst hér með hvernig Anne lætur alla skynsemi lönd og leið í sambandi sínu við stjúpsoninn og síðan til hvaða ráða hún grípur þegar upp um samband þeirra kemst ...




Trine Dyrholm leikur lögfræðinginn Anne sem leggur allt sitt undir þegar hún byrjar í glórlausu ástarsambandi við stjúpson sinn.

Punktur

• *Dronningen* hefur verið sýnd á nokkrum kvikmyndahátíðum og hlotið frábærar viðtökur jafnt gagnrýnenda sem áhorfenda. Hún hefur einnig hlotið fjölmörg verðlaun, t.d. World Cinema-verðlaunin á Sundance-hátíðinni sem besta myndin auk tilnefningar til dómnefndarverðlaunanna í sama flokki og fyrstu verðlaun á Gautaborgarhátíðinni sem besta norræna myndin, bæði hjá dómnefnd og hjá áhorfendum. Þess utan hafa þau Trine Dyrholm og Gustav Lindh hlotið ómælt lof fyrir frábæran leik. Ef eitthvað réttlæti væri í heiminum ættu þau í raun bæði skilið tilnefningu til Óskarsverðlauna og myndin sjálf tilnefningu sem besta erlenda mynd ársins.

• Við viljum að sjálfsgöðu hvetja kvikmyndaáhugafólk til að sjá þessa mynd í bíó og lofum því að enginn kemur ósnortinn út af henni.



Magnus Krepper leikur eiginmann Anne sem grunar auðvitað ekki upp á hverju hún tekur þegar sonur hans flytur inn á heimilið.



Addams-fjölskyldan

Fjölskylduskemmtun

Aldurstakmark ekki fyrirleggjandi fyrir prentun

105 mín

Íslensk talsetning: Valur Freyr Einarsson, Esther Talía Casey, Þórunn Lárusdóttir, Þuríður Blær Jóhannsdóttir, Þórey Birgisdóttir, Lúkas Emil Johansen, Eyþór Ingi Gunnlaugsson, Hanna María Karlsdóttir, o.fl.

Þýðing: Haraldur Jóhannsson **Leikstjórn:** Orri Huginn Ágústsson

Bíó: Laugarásbíó, Smárabíó, Háskólabíó, Sambíóið Álfabakka og Borgarbíó Akureyri




Frumskýnd 25. október



Og þú sem héltst að þín fjölskylda væri skrítin

Heimsins furðulegasta fjölskylda, Addams-fjölskyldan, hefur nýverið flutt sig um set og hreiðrað um sig í gömlu húsi í New Jersey þar sem krakkarnir, Wednesday og Pugsley, þurfa nú að ganga menntaveginns eins og önnur börn. Ekki líður á löngu uns þessi sérstaka fjölskylda er búin að gera allt vitlaust á svæðinu án þess þó að gera sér grein fyrir út af hverju!

Hin vægast sagt sérstaka og algjörlega ódrepanði Addams-fjölskylda mætir aftur í bíó 25. október eftir 26 ára hlé, í þetta sinn í formi teiknimyndar þar sem hinn upprunalegi, og oft og tíðum bleksvarti húmor höfundarins, Charles Addams, sem var einmitt fæddur og uppalinn í Jersey, er í heiðri hafður frá upphafi til enda ...



Punktar

- Segja má að hér snúi Addams-fjölskyldan aftur til upprunans því útlit persónanna og umhverfi þeirra er fyrst og fremst byggt á upphaflegu teiknimyndaseríunni eftir Charles Samuel Addams sem birtist fyrst í dagblaðinu The New Yorker árið 1938. Um leið er þetta í fyrsta sinn sem teiknimynd í fullri lengd er gerð um Addams-fjölskylduna því eins og menn muna voru 1991- og 1993-myndirnar, *The Addams Family* og *Addams Family Values*, leiknar myndir.

- Hermt er að fyrirmyndir Charles Addams að þeim Gomez og Morticu Addams hafi verið leikararnir Peter Lorre og Gloria Swanson.

- Myndin verður sýnd bæði með íslenskri og enskri talsetningu en í ensku útgáfunni eru það þau Oscar Isaac, Charlize Theron, Chloë Grace Moretz, Finn Wolfhard, Nick Kroll, Snoop Dogg, Bette Midler, Allison Janney, Martin Short, Pom Klementieff, Elsie Fisher, Maggie Wheeler og Catherine O'Hara sem tala fyrir helstu persónurnar.

- Fyrir utan hið hefðbundna og þekktu fjölskyldustef Addams-fjölskyldunnar inniheldur myndin fullt af flottri tónlist eftir Jeff og Mychael Danna, og m.a. lögin *Haunted Heart* með Christinu Aguilera og *My Family* með Migos, Karol G, Rock Mafia og Snoop Dogg.



Zombieland: Double Tap

Uppvakningagrín



Aðalhlutverk: Woody Harrelson, Emma Stone, Jesse Eisenberg, Zoey Deutch, Abigail Breslin, Rosario Dawson, Thomas Middleditch, Luke Wilson, Bill Murray og Dan Aykroyd **Leikstjórn:** Ruben Fleischer
Bíó: Smárabíó, Háskólabíó, Laugarásbíó og Borgarbíó Akureyri

Frumskýnd 25. október



Veistu svarið?

Emma Stone var tiltölulega lítt þekkt leikkona þegar hún lék í *Zombieland* árið 2008 enda átti hún þá aðeins þriggja ára leikferil að baki og lítil hlutverk. Síðan þá hefur hún þrisvar verið tilnefnd til Óskarsverðlauna og hlotið þau einu sinni. Fyrir leik í hvaða mynd?




PHOTO BY

Ekkert elsku mamma ...

Það eru liðin slétt tíu ár frá því að við hittum og kynntumst þeim Columbus og Tallahassee og systrunum Wichita og Little Rock sem voru ein af fáum sem lifað höfðu af skæða plágu í Bandaríkjunum sem breytti meirihluta landsmanna í blóðþyrsta uppvakninga. Hvað ætli þau séu að gera núna?

Aðdáendur *Zombieland*-myndarinnar frá árinu 2009 þurfa örugglega enga hvatningu til að sjá þessa enda var sú fyrri einstaklega frumleg og fyndin en um leið hrífandi saga af rómantik og fjölskylduböndum. Það hlakka því sennilega margir til að sjá hvað á daga fjórmenninganna hefur drifið síðan og hvað þau eru að gera núna og því er hér með lofað að sú saga kemur skemmtilega á óvart!



Þau Abigail Breslin, Emma Stone, Woody Harrelson og Jesse Eisenberg snúa öll aftur úr fyrri myndinni sem þau Little Rock, Wichita, Tallahassee og Columbus, en eru að sjálfsögðu tíu árum eldri.

Punktur

- *Zombieland* (2009) var fyrsta mynd Rubens Fleischer í fullri lengd og þótti algjörlega frábært byrjandaverk enda vann hún til fjölda verðlauna og það skemmdi auðvitað ekki fyrir að handrit hennar, sem var skrifað af Rhett Reese og Paul Wernick, var einstaklega hnyttið og skemmtilegt. Þessir þrír snúa allir aftur í *Zombieland: Double Tap* ásamt leikurunum fjórum sem fóru með aðalhlutverkin.
- Þeir Dan Aykroyd og Bill Murray leika sjálfa sig í myndinni, eða kannski réttara sagt, verulega ýktar útgáfur af sjálfum sér.
- Í tilefni af frumsýningu *Zombieland: Double Tap* verður fyrri myndin gefin út á VOD-leigunum 10. október. Sjá hinum megin í blaðinu auk þess sem við kynnum í tölvuleikjahlutanum nýjan *Zombieland*-leik sem er byggður á efni beggja *Zombieland*-myndanna.



Rosario Dawson leikur eina af nýjum persónum *Zombieland*-sögunnar, bareigandann Nevada sem lætur ekki bjóða sér neitt bull.

FROM ANG LEE THE DIRECTOR OF 'LIFE OF PI'

WILL SMITH WILL SMITH

WHO WILL
SAVE YOU
FROM
YOURSELF

A JERRY BRUCKHEIMER PRODUCTION AN ANG LEE FILM

GEMINI MAN

FRUMSÝND 11. OKTÓBER

SAMBÍÓN
EGILSHÖLL

KRINGLUNNI
SAMBÍÓN

ÁLFABAKKA
SAMBÍÓN

KEFLAVÍK
SAMBÍÓN

SMÁRA
BÍÓ

LAUGARÁS
BÍÓ

AKUREYRI
SAMBÍÓN